

Reglur um val í A og B landslið DSÍ.

1. grein

Nýtt landslið er valin af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

2. grein

Þau pör sem eru í 1. og 2. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í A-landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er 1. sætið valið.

3. grein

Þau pör sem eru í 3. og 4. sæti í keppnisflokkunum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í B-landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er 2. sætið valið.

4. grein

Pörin sem lenda í 1. og 2. sæti í meistaraflokki í latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ fá þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramót. Pör sem lenda í 3. og 4. sæti verða varasæti ef 1. eða 2. sætið fara ekki.

Par sem lendir í 1. sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10. dönsum fær þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramóti og Heims- og Evrópubikarmóti. Párið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

5. grein

Par sem lendir í 1. sæti í meistaraflokki á Bikarmeistaramóti DSÍ fær þátttökurétt á Heims- og Evrópubikarmóti. Párið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

6. grein

Séu einhver þessara móta þ.e. Heims- og Evrópumeistaramót, Heims- og Evrópubikarmót haldin fyrr á árinu en réttur til að fara samkvæmt 4. og 5 grein er Stjórn DSÍ heimilt að ákveða að samhliða ákveðnum keppnum verði um úrtökumót að ræða eða halda sér úrtökumót sem gildi varðandi rétt til að fara á keppnir sem taldar eru upp hér í þessari grein og skal það tilkynnt sérstaklega í auglýsingu fyrir mótin og til aðildafélaga.

7. grein

Stjórn aðildarfélaga geta komið með tillögur til stjórnar DSÍ til að bæta pörum inni B-landsliðið. Þetta á við þegar pör ná framúrskarandi árangri á mótum hér heima eða erlendis.

8. grein

Danspörin sem ávinna sér keppnisrétt munu fá bréf frá DSÍ þar sem tilgreindur verður sá frestur sem parið hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn

DSÍ greiðir fasta upphæð sem ákveðin er hverju sinni þeim sem unnið hafa þátttökurétt á Heimsmeistara og Evrópumeistaramót.

9. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðilinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.